

Tillaga frá bæjarfulltrúum D-lista.

Bæjarfulltrúar D-lista, leggja til að farið verði vandlega yfir nógildandi fjárfestingaráætlun sveitarfélagsins. Mikilvægt er að greina áhrif breytinga á gengi gjaldmiðla, möguleikum fyrirtækja til mönnunar, hugsanleg vandkvæði við að fá aðföng til landsins og annarra þátta sem fylgja eða kunna að fylgja útbreiðslu COVID-19 á efnahags- og atvinnulíf. Óábyrgt væri að taka ekki stöðuna hvað þetta varðar á þessum óvissutímum. Ef sveitarfélagið á að geta brugðist við og komið til aðstoðar er mikilvægt að vita hver raunstaðan er varðandi einstök verkefni.